REGLUGERÐ

um viðlagagjald.

1. gr.

Á tímabilinu 1. marz 1973 til 28. febrúar 1974 skal leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd.

Söluskatt og viðlagagjald skal reikna af söluskattsstofni í einu lagi á söluskattskýrslu.

2. gr.

Á gjaldárinu 1973 skal leggja 30% viðlagagjald á álagðan eignarskatt skv. 26. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á þeim lögum, og skulu sömu reglur gilda um álagningu og innheimtu þessa gjalds og eignarskatts. Viðlagagjald, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu. Ríkisskattstjóri ákveður hvernig háttað skuli birtingu þessa gjalds í skattskrá.

3. gr.

Á gjaldárinu 1973 skal leggja viðlagagjald í hverju sveitarfélagi á gjaldstofn aðstöðugjalds, sbr. V. kafla laga nr. 8/1972, sem nemur 35% þess hundraðshluta, sem þar var á lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um aðstöðugjöld.

Viðlagagjald samkvæmt þessari grein skal ákveðið í heilum hundruðum króna, þannig, að 50 kr. eða lægri fjárhæð skal sleppt, en hærri fjárhæð hækkuð. Nái viðlagagjald samkvæmt þessari grein eigi 300 kr., skal það fellt niður við álagningu.

Ríkisskattstjóri ákveður hvernig háttað skuli birtingu þessa gjalds.

4. gr.

Á gjaldárinu 1973 skal leggja 1% viðlagagjald á útsvarsskyldar tekjur, sbr. 23. gr. laga nr. 8/1972. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um útsvör. Viðlagagjald þetta skal lagt á í heilum hundruðum króna, þannig að lægri fjárhæð en 100 kr. skal sleppa. Fella skal niður viðlagagjald samkvæmt þessari grein, sem er 1 000 kr. og lægra.

Viðlagagjald á útsvarsskyldar tekjur skal birta sérstaklega í útsvarsskrá. Ríkisskattstjóra er þó heimilt að ákveða annan birtingarhátt, þar sem heimilt er samkvæmt 2. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 118/1972, um útsvör, að leggja fram útsvarsskrá sameiginlega með skattskrá.

5. gr.

Á gjaldárinu 1973 skal leggja 10% viðlagagjald á álagt landsútsvar, sbr. III. kafla laga nr. 8/1972, þeirra landsútsvarsskyldra aðilja, sem ekki bera aðstöðugjald, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 8/1972. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og um landsútsvör.

6. gr.

Sveitarstjórnir skulu skila viðlagagjaldi því, er þær innheimta samkvæmt 4. og 5. gr., til Viðlagasjóðs samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðuneytisins ársfjórðungslega eftir á. Skulu gjalddagar vera 30. júní, 30. september, 31. desember 1973 og 31. marz 1974 og skal á þeim gjalddögum skila því viðlagagjaldi, er innheimzt hefur til þess dags.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 4 7. febrúar 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Heimaey, og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 27. marz 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.